

Íslenska

Haustönn 2024
23. ágúst-20. des

10. bekkur WS

Markmið íslensku í efstu bekkjum grunnskólans:

Lokamarkmið í íslenskunámi grunnskólanemenda eru fjölbreytt og lúta að því að nemendur hafi náð góðum tókum á móðurmáli sínu, geti lesið sér til ánægju og gagns og séu með blæbrigðaríka og góða framsögn, geti ritað góðan og réttan texta með ríkulegan orðaforða og skilning á feegurð málsins og orðfæri og geti jafnframt nýtt sér alla þá miðla og verkfæri sem bjóðast þeim til að vinna með tungumálið sitt. Ennfremur að nemendur séu óhræddir við að skrifa frá eigin brjosti og að fara ótroðnar og skapandi slóðir í notkun málsins í leik og starfi.

Mikilvægt er að nemendur hafi í farteskinu, þegar þeir útskrifast úr grunnskólanum, tilfinningu fyrir því að vernda og viðhalda íslenskri tungu en séu jafnframt frjálssir í anda til að leyfa móðurmálinu að þróast og breytast inn í framtíðina.

Hæfniviðmið fyrir 10. bekk eru lokaviðmið
Aðalnámsskrár í íslensku.

Ágúst-september

Þrjú tímar í töflu auk þriggja vikna lotu í Íslandssögu
26. ágúst - 13. sept.

Lesskilningur: Fýkur yfir hæðir / verkefnavinna
Gagnrýni og rýni á texta
Ritun eigin texta út frá kveikju

Október

Þrjú tímar í töflu.

Lesskilningur: Útbrot (1. hluti)
Orðaforði og íðorð (íðorðabankinn Árnastofnun)
Fornbókmenntir: Íslendingaþættir
Málfræði / heimavinna: Málið í mark, fallorð

Nóvember

Þrjú tímar í töflu

Textavinna og verkefni (Útbrot 2. hluti)
Þemaverkefni um Jón Sigurðsson
Vettvangsferð á sýningu á miðaldahandritum,
Árnastofnun.
Málfræði/heimavinna: Málið í mark, sagnorð

Desember

Þrjú tímar í töflu og tvær vikur í íslenskulotu

Yndislestur
Bókmenntir
Ritun

Íslenskulota frá 9. - 19. des 2024

Bókmenntir og ritun

Markmið lotunnar er að nemendur fái innsýn hinar þrjár greinar bókmennta, lýrik, dramatík og epík. Unnið verður með samtímaljóð okkar Íslendinga, myndmál ljóða og eigin ljóðaskrif. Leikritun verður skoðuð og persónusköpun og samlesið úr klassísku þýddu leikverki. Einnig verða lesnar smásögur.

Lykilhæfni í námsgreininni er hluti af námsmati:

Tjáning og miðlun
Skapandi og gagnrýnin
hugsun
Sjálfstæði og samvinna
Nýting miðla og upplýsinga
Ábyrgð og mat á eigin námi.

Markmið lotunnar: Nemendur lesi, hlusti á og rýni texta nokkurra höfunda, bæði í bundnu og óbundnu máli, ræði þau og geri verkefni þeim tengd. Jafnframt er markmið lotunnar að nemendur æfi sig í skapandi ritunarverkefni út frá kveikju og skili einu stuttu ritverki í lok lotunnar byggðu á eigin persónusköpun. Tvær og hálf bls. að lengd.

Námsefni

Útbrot, textar og lesskilningur.

Málið í mark, málfræði.

Málvísir, handbók um málfræði.

Íslendingaþættir, stuttar frásagnir frá miðöldum.

Með fjaðrabliki, bókmenntir fyrir efri bekki grunnskóla.

Gegnum holt og hæðir, þjóðsögur.

Fýkur yfir hæðir, e. Emily Bronté

Rómeó og Júlía, e. William Shakespeare.

Frankenstein, e. Mary Shelley

Beinagrindur- handbók um ritun.

Efni af Skólavefnum og annað efni frá kennara.

--	--

Hæfniviðmið

Að nemandi geti:

- Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í fallorð, sagnorð og óbeygjanleg orð og geti greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.
- Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum fallorða og þekki greiningaratriði þeirra.
- Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál.
- Áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast sífellt.
- Gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins.
- Rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í Íslandssögu.
- Lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti.

Námsmat

Vinnumat

Vinna í tímum og skil á verkefnum

Þátttaka/samvinna/frumkvæði/sköpun

Frágangur

Námsgögn

Gullvör, kennslubók í málfræði fyrir unglíngastig,
Menntamálastofnun.

Sögueyjan 2, Menntamálastofnun.

Annað efni frá kennara.

--	--